

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 125/848*  
*komudagur 2.3.2000*

---

**From:** Gísli Tryggvason [gt@bhm.is]  
**Sent:** 1. mars 2000 21:36  
**To:** Eiríkur Jónsson; Eiríkur Jónsson; Nefndasvid@althingi.is  
**Cc:** Erna Guðmundsdóttir; bjorkv@ismennt.is; Björk Vilhelmsdóttir bhm-netfang  
**Subject:** Dagsetningar

Björn Þorvaldsson, nefndarritari Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.

Vísað er til fundar í gær hjá nefndinni þar sem beðið var um nefndar dagsetningar skriflega varðandi fundi og samráð eða skort á samráði varðandi 225. mál:

5. nóvember 1999, síðla dags: Frétt á Skjá 1 um væntanlegt frumvarp ríkisstjórnarinnar.

9. nóvember 1999: Bréf BHM til fjármálaráðherra og afrit til starfandi fjármálaráðherra um að fá að koma að málinu.

18. nóvember 1999: Fjármálaráðherra fellst á ítrekaða ósk heildarsamtaka opinberra starfsmanna um fund um málið og er sá fundur haldinn síðdegis. Gefinn kostur til hádegis næsta dags til að koma að málamiðlunartillögum á tilteknu þröngu sviði.

19. nóvember 1999: Skilað bréfi fulltrúa BHM, BSRB og KÍ um málamiðlanir skv fundi daginn áður.

20. nóvember 1999: Símlíðis samband af hálfu fulltrúa fjármálaráðherra við fulltrúa BSRB og KÍ um málamiðlunartillögur en sagt að ráðherra liggja undir feldi. Ekki haft samband við fulltrúa BHM. Engin formleg eða skrifleg svör bárust.

24. nóvember 1999: Frumvarp ríkisstjórnarinnar lagt fram síðdegis, rétt fyrir upphaf nefndarviku.

30. nóvember 1999: Fréttist af því á fundi um réttindamálin um morguninn að frumvarpið hefði verið lagt fram fyrir 6 dögum. Óskað eftir fundi samdægurs með ráðherra. Sá fundur fékkst og var haldinn síðdegis.

Kær kveðja,

Gísli Tryggvason,  
framkvæmdarstjóri BHM.

Lágmúla 7  
IS-108 Reykjavík

Sími 581 20 90  
Bréfsími 588 92 39